

RÖKSTUÐNINGUR DÓMNEFNDAR

Til okkar bárust alls 27 tilnefningar að þessu sinni frá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum, stórum sem smáum, sem mörg eru að gera frábæra hluti í þágu umhverfisins. Það gladdi svo sannarlega að sjá hversu fjölbreyttar tilnefningar bárust og hve metnaðarfull verkefni voru en það auðveldaði dómnefndinni ekki valið milli tilnefninga.

Eftir yfirferð á fjölmörgum umhverfisskýrslum þar sem framlög til umhverfismála voru metin ákvað dómnefnd að heimsækja sex þessara fyrirtækja og stofnana og taka til ítarlegri skoðunar. Dómnefnd fékk þannig betri innsýn inn í framlag á síðasta ári og voru heimsóknirnar afar skemmtilegar og fræðandi.

Sú breyting var gerð á Kuðungsviðurkenningunni í ár að Kuðungurinn er nú veittur í flokki stærri og smærri fyrirtækja og stofnana. Þau fyrirtæki sem dómnefndin heimsótti voru:

Í hópi smærri fyrirtækja; Gefn, Pure North og Hopp
Og í hópi stærri fyrirtækja eða stofnana: Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Jáverk og Elko.

Þessi fyrirtæki og stofnunin eru afar ólík en hafa öll náð eftirtektarverðum árangri. Það var því úr vöndu að velja en eftir að hafa ráðið ráðum sínum var dómnefnd þó sammála um að tvö fyrirtæki stóðu upp úr varðandi framlag til umhverfismála árið 2022.

Það er einróma niðurstaða dómnefndar að Kuðunginn árið 2022 hljóti fyrirtækin **Gefn** og **JÁVERK**.

Gefn þróar tækni til að umbreyta úrgangi og útblæstri í græna efnavöru. Í dag framleiðir fyrirtækið Svansmerkt hreinsiefni úr efnabreyttri steikningarolíu sem fellur til hér á landi, en getur einnig nýtt ýmsa aðra úrgangsfitu. Ef ekki væri fyrir þessa tækni Gefnar sem kemur þessum úrgangi aftur inn í hringrásarhagkerfið gæti hann endað í urðun eða jafnvel í frárennsli.

Eftir fróðlegt samtal við Gefn komst dómnefnd að því að með þessari nýsköpun eru framtíðarmöguleikar miklir. Hægt er að sporna gegn gífurlegri sóun á fituríkum úrgangi og framleiða mikið magn grænnar efnavöru. Þessi efnavara getur komið í stað jarðefnaeldsneytis og annara óumhverfisvænna og skaðlegra rokgjarnra leysiefna í margar vörur. T.d. nemur losun gróðurhúslofttegunda vegna leysiefnanotkunar héraðs um 8000 tonn á ári.

Árið 2022 hóf Gefn sölu á sínum fyrsti vörum og fengu þær Svansvottun en Gefn hannar vörur sínar ávallt með Svansvottun að leiðarljósi. Ein þessara vara er Grænni tjöruhreinsir en fyrir hvern líter sem skipt er út hefðbundnum skaðlegum efnum fyrir þeirra er verið að spara tæplega 1 líter af jarðefnaeldsneyti.

Gefn setti upp framleiðslulínu fyrir Grænni hreinsivörur árið 2022 og hafa þau lagt grunn að

margvíslegum umhverfisvænum vörum sem munu líta dagsins ljós 2023.

Það er kappsmál hjá Gefn að dreifa boðskapnum um mikilvægi þess að draga úr notkun skaðlegra leysiefna og því hafa þau verið að þróa vefinn graenni.is. sem mun vera ákveðið upplýsingatól.

Jafnframt því að færa á markað byltingarkennda tækni og umhverfisvænar vörur er Gefn að sýna ábyrgð í umhverfismálum með því að halda grænt bókhald sem þau hafa gert frá upphafi og er kolefnisjöfnun starfseminnar og starfsmanna í samþykktum félagsins.

Framtíðarmarkmið Gefnar eru stór og trúum við í dómnefnd því heilshugar að hér sé upphafið á einhverju sem geti skilað stórkostlegum árangri í umhverfismálum og bætingu hringrásarhagskerfis. Gefn hlýtur því Kuðunginn í flokki smærri fyrirtækja árið 2022.

JÁVERK varð Svansleyfishafi árið 2022 og er þar með fyrsta umhverfisvottaða byggingarfyrirtækið á Íslandi. Fyrirtækið er einnig með ISO 14001 vottað umhverfisstjórnunarkerfi og ISO 9001 vottað gæðakerfi.

Í fyrra ákvað JÁVERK að nota grænni steypu í öll eigin verkefni og hafa þau náð að draga úr mikilli losun með því að vanda efnisvalið á þennan hátt. Í þeirra nýjustu verkum er losunin samtals 2.140 CO₂ig tonnum minni en ella. Þessar litlu ferilsbreytingar geta haft mikil áhrif í stóru myndinni og hefur fyrirtækið í starfsemi sinni dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda varðandi umfang 3 um tæp 17%. Er meirihluti þess samdráttar tilkominn vegna minni urðunar og vegna lífræns úrgangs sem fer til jarðgerðar.

Það er til fyrirmyndar að byggingarfyrirtæki láti sig þetta varða þar sem að mannvirki og mannvirkjagerð eru ábyrg fyrir um 37% af allri losun í heiminum.

Þessi sami iðnaður er einnig ábyrgur fyrir stóru hlutfalli úrgangs og því mikilvægt að fyrirtækin passi hvert úrgangurinn fer eins og JÁVERK hefur gert að átaki hjá sér. Þau voru með um 80% hlutfall flokkunar 2022 og halda þau utan um mælingar yfir sinn úrgang og endurvinnslufarveg til að tryggja bætingar á hverju ári og er það að skila sér.

JÁVERK hefur í starfi sínu innleitt nýjungar sem sýna samfélagslega ábyrgð en þau lífsferilsgreina öll verk, reikna innbyggt kolefni bygginga og orkunýtingu í Svansvottuðum verkefnum. Þá leggur fyrirtækið einnig áherslu á að gera kröfur til birgja varðandi EPD til viðbótar við verð.

Hjá JÁVERK er rík áhersla lögð á fræðslu og hljóta starfsmenn m.a. þjálfun í efnisflokkun, auk þess sem verkstjórar fá þjálfun í vottunum og grunnumhverfisfræðslu. Þetta hefur haft jákvæð áhrif og aukið umhverfisvitund starfsmanna og eru undirverktakar í stórum stíl byrjaðir að óska eftir þjálfun.

JÁVERK hefur undanfarin ár verið ötult við að sýna fram á að hægt er að draga úr kolefnisspori bygginga og gera iðnaðinn umhverfisvænni. Árið 2021 unnu þau til dæmis miðbæinn í Selfossi sem var fyrsta stóra Svansvottaða verkefni á Íslandi og fólst í því ákveðin bylting í mannvirkjagerð hér á landi.

Þau hafa sett sér markmið að Svansvotta öll eigin verk og taka þátt í að framkvæma ýmis verkefni sem snúa að umhverfismálum.

Dórnefnd fannst ánægjulegt að upplifa hve teymið hjá JÁVERK brennur fyrir þennan málstað og að þau séu að vinna markvisst að því að gera betur í umhverfismálum. Það er líka aðdáunarvert hve vel þau ná að smita umhverfisvitundina út frá sér, til að mynda til undirverktaka sinna. JÁVERK hlýtur því Kuðunginn í flokki stærri fyrirtækja fyrir árið 2022.